



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

592. stjórnarfundur 8. nóvember 2022 kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur með boð á lokahóf knattspyrnudeildar. Hófið tókst mjög vel. Umræða um party hjá 2. fl. kk á Iðavöllum. Framkvæmdastjóra falið að ræða við stjórn knattspyrnunnar.

Tölvupóstur frá bæjarstjóra vegna húsnæðis á Ásbrú.

Tölvupóstur frá Báru og Kristínu sem eru að bjóða upp á fyrirlestra. Íþróttastjóri kominn með málið.

Tölvupóstur frá bæjarstjóra, umræða hvort hægt sé að fá frá aðalstjórn óskir deilda varðandi viðhald og framkvæmdir við upphaf fjárhagsáætlunargerðar að hausti.

Tölvupóstur frá Höllu Karen verkefnastjóra varðandi þátttöku deilda í Aðventugarði Reykjanesbæjar í desember.

Þrjú fréttabréf UMFÍ.

Boðskort frá UMSK, 100 ára afmæli 19. nóvember.

## 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

## 4. Jólblað Keflavíkur

Auglýsingaöflun gengur vel. Thelma Hrund Hermannsdóttur er byrjuð á viðtalinu. Fyrirhugað að blaðið komi út ekki seinna en 10. desember.

## 5. Fyrirmyndarfélag/deild

Andri Stefánsson skrifstofustjóri ÍSÍ afhenti félaginu og deilum þess viðurkenningu til næstu fjögurra ára sem fyrirmyndarfélag/deild. Afhending fór fram 3. nóvember.



## 6. Fjármálastjóri félagsins

Farið yfir hugsanlega starfslýsingu og ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri mun senda inn til Reykjanesbæjar beiðni um fjármagn vegna ráðningar fjármálastjóra.

## 7. Þarfagreining íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ

Birgir situr í nefndinni fyrir aðalstjórn og fór hann yfir umræðu á síðasta fundi. Skoða þarf framtíðarsýn og markmið félagsins.

## 8. Önnur mál

- A. Framkvæmdastjóri fær heimild til að kaupa lítinn ísskáp.
- B. Framkvæmdastjóri fær heimild til að kaupa sendi í sal 3.
- C. MSS mun leigja salinn áfram.
- D. Formaður fór í afmæli Þróttar í Vogum. Fór með skreytingu fyrir hönd Keflavíkur.
- E. Umsókn um vínveitingaleyfi félagsins rædd.
- F. Efni í lyftingasalinn rætt.

Fundi slitið kl. 20:40

Næsti fundur verður þriðjudaginn 22. nóvember 2022

Fundinn ritaði Eva Björk